

REGLUR

um (2.) breytingu á reglum um vísindaráð Háskólans á Akureyri nr. 1208/2007.

1. gr.

2. gr. reglnanna orðast svo:

Í vísindaráði sitja fulltrúar fræðasviða háskólans. Þeir eru valdir til þriggja ára úr hópi lektora, dósentna og prófessora fræðasviða háskólans. Hvert svið tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara. Við tilnefningu skal þess gætt að fulltrúarnir endurspegli styrk fræðasviðanna í rannsóknum. Í ráðinu situr einnig fulltrúi doktorsnema, valinn til eins árs í senn úr þeirra hópi, ásamt varamanni. Rektor skipar einn fulltrúa og einn til vara, án tilnefningar. Við val fulltrúa rektors skal þess gætt að tryggja sem mesta faglega breidd ráðsins og styrk fyrir háskólann út á við. Rektor skipar formann ráðsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði formanns úr. Rannsóknastjóri HA situr fundi vísindaráðs, með málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

4. gr. reglnanna orðast svo, sbr. reglur nr. 789/2020:

Reglur þessar eru settar af háskólaráði samkvæmt 6. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022 og öðlast þegar gildi.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 23. júní 2022.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfudagur: 8. júlí 2022